

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/02

frá 19. febrúar 2003

um þriðju breytingu á ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps (*)

(2003/114/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt, að því er varðar fisksjúkdómanna veirublæðingu (VHS) og/eða iðradrep (IHN), skulu aðildarríkin leggja fram viðeigandi skjöl, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE séu uppfyllt.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/1005/EB ⁽⁴⁾, eru settar fram skrár yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar sem eru á svæðum sem hafa ekki verið viðurkennd með tilliti til tiltekinnna fisksjúkdóma.
- 3) Þýskaland hefur lagt fram skjöl því til stuðnings að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir eldisstöð í Bæjaralandi á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um slíka stöðu.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur farið yfir skjölin með aðstoð sérfræðinga í aðildarríkjunum.
- 5) Af gögnum, sem Þýskaland lagði fram um viðkomandi eldisstöð, má ráða að hún standist kröfur 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE. Eldisstöðin uppfyllir því skilyrði fyrir stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á

svæði sem ekki er viðurkennt og skal bæta henni á skrána yfir viðurkenndar eldisstöðvar sem er að finna í II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB.

- 6) Breyta ber ákvörðun 2002/308/EB til samræmis við þetta.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi viðurkennd fiskeldisstöð bætist við lið 3.5 í II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB:

„6.	Fischzucht Graf Anlage D-87743 Egg an der Günz	Fischzucht Graf GbR Engishausen 64 D-87743 Egg an der Günz“
-----	---	---

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 109.